

Mál nr. 125/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 27. apríl 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. maí 2026, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. júní 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfararnótt laugardagsins 29. nóvember 2025 hafi stofnlögn við inntaksloka að tilteknum sveitarbæ losnað með þeim afleiðingum að altjón varð á fasteigninni. Í athugasemdum V er atvikum þannig lýst að klukkan 02:00 aðfararnótt 29. nóvember 2025 hafi vakthafandi starfsmaður X fengið boð um leka á heitu vatni í kerfinu og farið rakleiðis í leit að lekanum. Klukkan 07:49 hafi lekinn fundist í húseign M. Þar sé ekki föst búseta nokkuð sem hafi gert leitina torveldari þar sem enginn dvaldi í húseigninni þegar atvikið hafi átt sér stað. Hafi lekinn komið upp í inntaksgrind þar sem stofnlögn hafði dregist út úr tengi við inntaksloka með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi inn í húseignina. Í rýminu sé niðurfall og hafi vatnið að mestu leyti farið niður niðurfallið en gufa farið um húseignina og að sögn M hafi gufan skemmt allt sem ekki þolir gufu eða raka. Þegar tjónið átti sér stað hafi verið mikil notkun á kerfinu þar sem mikill kuldi var úti. Þegar starfsmenn X fóru á vettvang hafi þeir strax gert við bilunina, þ.e. sett upp nýjan inntaksloka til að koma vatni aftur á aðrar húseignir sem eru á veitunni til að koma í veg fyrir frekara tjón þar sem mikið frost var þegar atvikið átti sér stað.

Í málskoti er tekið fram að sá hluti lagnarinnar sem gaf sig hafi verið settur inn í húsið fyrir 20 árum af X. Sé lögnin í eigu og umsjá X. Eigendum fasteignarinnar sé ekki heimilt að eiga við hana á nokkurn hátt. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna afleiðinga tjónsins. Bendir M á að það sé óumdeilt að tjónið hafi orðið vegna búnaðar sem X eigi og beri ábyrgð á enda hafi X nefnt það sjálf í tjónstilkynningu til V. M telur augljóst að þessi atburður geti ekki hafa orðið til nema fyrir handvömm og vanrækslu starfsmanna X. Öllum eigi að vera það ljóst að X stjórni því umhverfi sem búnaðurinn er í. Þannig stjórni X þrýstingi kerfisins og þeim vatnshita sem hleypt sé inn á kerfið. Þá sé það X sem velji og gangi frá búnaði sem hafi gefið sig. Eigendur hafi aldrei átt við þennan búnað á nokkurn hátt. V hafi aldrei útskýrt hvers eðlis möguleg „bilunin“ er sem leiddi til þess að lögnin hafi losnað frá inntaki enda sé það ekki hægt án þess að horfa til þeirra staðreyndar að X bera ábyrgð á öllum mögulegum orsakabáttum. Hér þurfi að horfa til þess hvernig rekstrarumhverfið er almennt, ekki bara á þeim tíma sem búnaður gaf sig, því það að lögn fari af festingum sínum er nokkuð sem getur verið að gerast yfir tíma. X hafi því leyft sér að vera með búnað í þessari fasteign sem hentaði ekki þeim hita og þrýstingi sem þeir settu á kerfið og hafi gert þetta mjög meðvitað. Því sé gerð sú krafa að V bæti tjónið að fullu úr ábyrgðartryggingu X. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M á að X og V hafi enga tilraun gert til að útskýra fyrir eigendum að það væri á þeirra ábyrgð að sanna saknæma og ólögmæta háttsemi X. Með því hafi þau nýtt yfirburðastöðu sína til að draga úr möguleikum M til að sýna fram á sök. Þá er bent á að þegar starfsmönnum X hafi verið hleypt inn í húsið án þess að eigendur væru viðstaddir og orsök tjónsins ekki ljós eigendum, þá hafi starfsmennirnir strax séð að orsök tjónsins tengdist búnaði í umsjá og eigu X. Því hafi X verið fyllilega ljóst að tjónið væri umtalsvert. Þrátt fyrir þetta hafi þeir farið strax í að laga lögnina og þar með fjarlægja öll bein vegsummerki um orsök tjónsins, í stað þess að láta óháðan matsmann og/eða lögreglu rannsaka vettvang. Með þessu séu starfsmenn X í raun að viðurkenna sína sök í þessu máli og taka burtu sönnunarábyrgð eigenda fasteignarinnar. M byggir einnig á því að starfsmenn X hafi vitað að frágangur á lögninni við inntakið hafi ekki verið öruggur. Til að meta hvort um öruggan frágang sé að ræða þurfi að horfa til eftirfarandi þátta: Starfsmenn X séu mjög vel meðvitaðir um að þrýstingur inn í þetta hús er mjög mikill, þ.e. við efstu mörk sem samsetning á plasti (pex) við inntaksloka þolir. X sé einnig mjög vel meðvitaðir um að hiti á því vatni sem fer um lagnirnar er mjög mikill. Fyrirliggjandi mynd sýni að hiti á vatni úr krana á tjónsstað sé 79°C. Það þýði að hitinn sé að lágmarki það í lögnunum, líklega hærri. Einnig verði hitinn hærri við mikla notkun á kerfinu. Þetta

hitastig sé einnig í efstu mörkum þess sem plastið í lögnunum (pex) þoli til lengri tíma. X séu einnig mjög vel meðvitaðir um að högg komi á vatnskerfi sem reyni á allar samsetningar líkt og þá sem gaf sig. Það geti þurft að loka fyrir rennsli og við að setja það á aftur komi högg eða rafmagnsleysi. Það slokkni á dælum og þegar rafmagnið komi inn aftur þá komi högg á kerfið. Það þurfi því að vera borð fyrir báru í kerfunum til að eiga við slík högg og því algjörlega fjarstæðukennt að setja kerfið upp þannig að venjubundið álag sé á mörkum þess sem það þoli bæði gagnvart þrýstingi og hita. Telur M öruggt að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um þessar aðstæður og að sú tenging sem gaf sig væri ekki fullnægjandi. Þetta megi rökstyðja með þeirri einföldu staðreynd að í næsta húsi hafi verið gengið frá inntaki fyrir um 3 árum síðan. Þar sem það hús standi ofar í landinu þá sé þrýstingur þar minni, en samt hafi stálrör verið tengt við inntakið. Plastið sé síðan tengt við þetta stálrör fyrir utan húsið og ofan í jörðu til að koma í veg fyrir tjón ef rof verður eins og átt hafi sér stað í húsnæði M. Til viðbótar byggir M á að X hafi ekki fylgt þeim reglugerðum sem hafa verið settar varðandi hitaveitukerfi. Eru færð frekari rök því til stuðnings. Að lokum er eftirfarandi áréttað í málskoti. Að óumdeilt sé að búnaðurinn sem gaf sig hafi verið í eigu og á ábyrgð X sem hafi borið að sjá til þess að búnaðurinn þyldi rekstrarumhverfið. Þá hafi þrýstingurinn við inntak á tjónsstað verið vel yfir þeim mörkum sem ætlast er til að þessi búnaður þoli til lengdar og hiti á vatninu sé einnig við efstu mörk. Þetta lagt saman skapi mjög krefjandi rekstrarumhverfi fyrir þann búnað sem sé notaður og hafi reynst algjörlega ófullnægjandi á tjónsstað. X stjórni því hversu mikill þrýstingur sé á kerfinu og geti einnig haft stjórn á því hversu heitt vatn sé sett inn á kerfið. X hafi því verið fullljóst að þessi búnaður væri til staðar á tjónsstað og að hann væri ófullnægjandi. Að lokum bendir M á að X og V hafi ekki bent á neinn þann orsakapátt fyrir þessu tjóni sem ekki sé í umsjón og ábyrgð X.

Í athugasemdum V er tekið fram að ágreiningur aðila lúti að því hvort að skaðabótaskylda sé fyrir hendi úr frjálsri ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar sem X hafði hjá V á tjónsdegi. Í málinu sé óumdeilt að búnaðurinn sem bilaði sé í eigu X. Vekur V athygli á því að til þess að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar þurfi M að sanna að saknæm og ólögmæt háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins. Sönnunarbyrðin um meinta sök, orsakatengsl og önnur skilyrði sakarreglunnar hvíli alfarið á M. X beri því ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni vegna bilunar búnaðar í hans eigu ef ekki er sýnt fram á að tjónið sé tilkomið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna hans. Jafnframt komi fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 að X undanþiggi sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimili, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvanna, frosts, bilana, þrýstingsbreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika. Ábyrgðartakmörkun samkvæmt greininni sé bundin því að beint tjón viðskiptavinar eða eiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna eða vanrækslu X. Telur V ljóst þegar litið sé til gagna málsins og atvika að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið sem um ræðir verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Í því sambandi bendir V á að ósannað sé hvað olli því að lögnin dróst út úr tenginu við inntaksloka í húseign M. Enginn gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að bilununina megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Þá hafi X ekki vitneskju um hvað olli þessari bilun en hafi bent á að orsökinn gæti verið þrýstisveiflur í rafmagni þar sem rafmagnið á svæðinu eigi það til að fara af og koma aftur á. X sjái þó ekki um dreifingu á rafmagni. M haldi því m.a. fram að bilunina sé að rekja til þess að ekki hafi verið nægilega vel gengið frá búnaðinum þegar honum var komið fyrir árið 2005 eða 20 árum áður en tjónið átti sér stað. V bendir á að enginn gögn liggja fyrir sem sýna fram á að frágangi hafi verið ábótavant þegar búnaðurinn var settur upp og þar af leiðandi sé ósannað að tjónið sé að rekja til þess. V bendir einnig á að ef lekann væri að rekja til þess að sá starfsmaður sem setti búnaðinn upp hafi ekki hert búnaðinn nægilega hefði lekinn átt að vera löngu búinn að koma fram. V hafnar því alfarið að ljósmynd af PEX bútnum sem M hafi lagt fram sýni fram á að rörið hafi ekki verið fært nægilega vel upp á festinguna áður en hert var eða að ekki hafi verið nægilega vel hert á búnaðinum. M haldi því fram að fleiri rákir ættu að vera í PEX bútnum. Á ljósmyndinni af PEX bútnum megi sjá að eitt far sé á honum eftir herslu. Telji M að ekki hafi verið notaður fittings sem henti eða að plaströrið hafi ekki verið fært nægjanlega vel upp á festinguna áður en hert var. V hafnar því alfarið að rörið hafi ekki verið nægjanlega vel inn í tenginu miðað við hvar farið eftir griphringinn sé á rörbútnum. Að sögn X sýni farið að rörið hafi verið nægilega vel inni í tenginu. Þá bendir V á að samkvæmt X hafi rétta fittings verið notað, þ.e. það fittings sem söluaðili röranna selji og sé viðurkennt. Séu þessi tengi því viðurkennd til tenginga á þessum rörum. V vekur einnig athygli á því, þó ósannað sé, að ef tjónið væri tilkomið vegna þeirrar vinnu sem fram fór af hálfu starfsmanna X þegar hitaveitan var lögð árið 2005 sé krafa um bætur vegna tjóns sem af því verki leiðir fyrnd. Þar sem um sé að ræða framkvæmd sem átti sér stað árið 2005 eigi eldri fyrningalögin nr. 14/1905

við. Samkvæmt 2. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda var fyrningarfrestur skaðabótakrafna utan samninga tíu ár. Þar sem krafan stofnaðist við lok framkvæmdarinnar árið 2005 hafi krafan fyrnst árið 2015. V bendir einnig á að M setji fram efasemdir í athugasemdum sínum um búnaðinn sem bilaði og fullyrði að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um að tengið sem gaf sig hafi ekki verið fullnægjandi. Þessu hafni X alfarið. Ekki verði séð að búnaðurinn sem bilaði hafi verið ábótavant eða þyldi ekki þær aðstæður sem uppi voru. Líftími búnaðarins sem um ræðir sé að sögn X í kringum 30-50 ár og hann hafi því ekki verið kominn á tíma þegar tjónið átti sér stað. Hitaveitan hafi verið lögð árið 2005. Tjónið hafi því orðið 20 árum eftir að búnaðinum var komið fyrir. Að sögn X sé sá búnaður sem notaður var viðurkenndur og hafi verið í notkun án þess að bila í fjölmörgum húseignum hjá X síðan 1998. X staðhæfi að búnaðurinn sé gerður til að standast þær aðstæður sem þarna voru, þ.e. eigi að þola þann þrýsting og hita sem fer inn á kerfið í húseigninni. M haldi því fram að X hefði átt að nota stálinntak. Vegna þessa bendir X á að það hafi ekki verið fyrr en árið 2020 sem X hóf að nota stálinntök sem hafi reynst vel. Það breyti því þó ekki að sá búnaður sem notaður var í húsnaði M sé viðurkenndur og hafi reynst vel fram til þessa. Þá telur V ósannað að tjónið sé að rekja til þess að þrýstingur á kerfinu hafi verið of mikill eða til of hás hitastigs heita vatnsins. Í því sambandi áréttar V að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli þrýstings í kerfinu eða of hás hitastigs heita vatnsins og þeirrar bilunar sem átti sér stað. M hafi lagt fram ljósmynd sem sýni fram á að hitastigs heita vatnsins úr krana í húseigninni sé 79°C og bendi á að hitinn sé að lágmarki það í lögnunum, líklega hærri. Einnig byggi M á því að við mikla notkun á kerfinu hækki hitinn. Fullyrði M að hitastigið sé í efstu mörkum þess sem plastið í lögnunum (pex) þolir til lengri tíma og að samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sé hámarks stöðugt hitastig 80°C. V hafnar því að búnaðurinn hafi ekki átt að þola hitastig vatnsins. Líkt og fram kemur í upplýsingum frá framleiðanda búnaðarins þoli LR-Pex 95°C fyrir drykkjarvatn í stuttan tíma en endingartími við samfelldan rekstrarhita vatnsins sé að lágmarki 30 ár við 85°C. Þá bendi X á að ef húseigendur vilja ekki hafa hitastig heita vatnsins þetta hátt sé það á ábyrgð þeirra að koma fyrir varmaskipti sem kæli vatnið niður. M byggi á því að þrýstingur inn í húseignina hafi verið mikill. Fullyrði M að þrýstingur inn í hans húseign sé líklega a.m.k. 9 bör að jafnaði. Þessu hafnar V og bendir á að árið 2019 hafi verið settur þrýstiminnkari á inntakið að húseign M. Að sögn X hafi þrýstingurinn inn á húskerfið eftir inntaksloka verið 7,5 bör áður en þrýstiminnkarinn var settur upp. Eftir að þrýstiminnkarinn var settur upp hafi þrýstingurinn orðið 4 bör. Hins vegar hafi þrýstingurinn verið í kringum 6,5 bör þegar tjónið átti sér stað, vegna þess að notkun var mikil á kerfinu vegna kuldans sem var þann dag. Samkvæmt þessu var þrýstingur inn í húseign M lægri en rekstrarviðmið hitaveitu í framrásarþrýstingi við inntak er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tæknilegra tengiskilmála hitaveitna sem er mestur 8 bör. Fram komi í 2. mgr. sömu greinar að gera megi ráð fyrir breytilegum framrásarþrýstingi í tengigrind eftir álagi í veitukerfinu. Að sögn X fylgjast starfsmenn með þrýstingi í dælustöðvum sem stýrast af þrýstiskynjara og ekkert athugavert hafi verið við þrýsting áður en tjónið átti sér stað. Veitan hafi svo orðið fyrir þrýstifalli þegar tjónið átti sér stað en þá hafi komið boð í vatksíma frá dælustöð til vakthafandi starfsmanns X. Brugðist hafi verið við með leit og útilokunaraðferð þar til bilunin fannst. X bendir á að mælt er með tengiskáp utanhúss í frístundahúsum þar sem ekki er dagleg viðvera. Er slíkur tengiskápur settur upp á kostnað eiganda og er eign hans. Bent er á að í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 komi fram að aðstæður í veitukerfum geti verið mjög mismunandi varðandi þrýsting og hita. Þéttleiki og hæðarlega byggðar er mismunandi og þar af leiðandi sé þrýstingur og vatnshiti misjafn frá einum stað til annars. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar fyrri X komi fram að óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi eða magni á heitu vatni eru án ábyrgðar X. Sama gildir um hitastig heita vatnsins. Um breytingar, er stafa af öðrum ástæðum, skal X tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara sé þess nokkur kostur. Þá komi fram í 2. mgr. sömu greinar að þar sem svo hagar til að þrýstingsmunur sé umtalsverður á kerfum hita- og vatnsveitu kunni að vera nauðsynlegt að setja þrýstiminnkara á húskerfi til að jafna þrýsting. Húseiganda beri að setja slíkan búnað upp á sinn kostnað telji pípulagningameistari hússins, byggingarfulltrúi eða X það nauðsynlegt. Líkt og áður hafi komið fram hafi þrýstiminnkari verið settur upp hjá M árið 2019. M haldi því fram að álag eða hnjask hafi getað komið á tenginguna sem gaf sig þegar þrýstiminnkarinn var settur upp. Félagið bendir á að sú fullyrðing er ekki studd neinum gögnum og því sé ósannað að það hafi átt sér stað. X veit ekki til þess að hnjask eða álag hafi komið á tenginguna þegar þrýstiminnkarinn var settur upp og telur það mjög ólíklegt. Bendir X á að uppsetning þrýstiminnkara eigi ekki að hafa nein áhrif á þrýstiumhverfi tengisins sem gaf sig. X bendir einnig á að reglulega er farið og skoðað á tengistöðum hvort allt sé í lagi og athugað með síur og annan búnað sem X á. Starfsmenn X sáu ekkert athugavert við inntakið í skoðunum sínum eða þegar þrýstiminnkarinn

var settur upp. Ef þeir hefðu séð eitthvað athugavert hefðu þeir brugðist við því. Þegar starfsmenn X fóru á vettvang eftir að tjónið átti sér stað voru engar útfellingar sem hefðu átt að vera ef búnaðurinn hefði verið búin að leka í einhvern tíma. Inntakið virtist því ekkert hafa lekið fyrir en aðfaranótt 29. nóvember 2025 þegar búnaðurinn dróst í sundur. Þá haldi M því fram að vegna þess að starfsmenn X réðust strax í viðgerð á búnaðinum sem gaf sig hafi þeir viðurkennt sök í málinu og tekið í burtu sönnunarábyrgð hans. Hefðu þeir átt að láta óháðan matsmann eða lögreglu rannsaka vettvang. V hafnar þessu og bendir á að þegar starfsmenn X komu á vettvang var ráðist strax í viðgerð, þ.e. að setja upp nýjan inntaksloka til að koma vatni aftur á aðrar húseignir sem á veitunni eru þar sem mikið frost var þegar atvikið átti sér stað og lá því á að koma vatni aftur á til að koma í veg fyrir frekara tjón. Að lokum vekur V athygli á því að M fékk upplýsingar um og var veittur kostur á að senda V greinargerð og gögn til að sýna fram á sök X sem hann gerði þegar hann sendi V minnisblaðið, dags. 30. desember 2025, sem sé meðal fylgigagna M. Af þeim sökum hafnar V þeirri fullyrðingu M að það hafi ekki gert tilraun til að útskýra fyrir honum að það væri á hans ábyrgð að sýna fram á sök X. V telur með vísan í framangreint að ósannað sé hver sé orsök þess að stofnlögnin dróst út úr tengi við inntaksloka í húseign M. Þar af leiðandi sé ósannað að tjónið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Áréttað sé að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rekja má til bilunnar í búnaði í eigu veitunnar heldur þurfi M að sýna fram á að tjónið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Það hafi M ekki tekist. Af þeim sökum er það afstaða V að atvikið falli ekki undir bótasvið 4. gr. skilmála fjálsrar ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar og því ljóst að bótaréttur sé ekki til staðar úr tryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum V er að finna mótrök gagnvart framangreindum athugasemdum V og ítarlega rök fyrir málatilbúnaði M.

Í viðbótarathugasemdum M er að finna frekari rök gegn málatilbúnaði M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni í húsnaði M. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. M byggir kröfu sína á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Færir M ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn/rökstuðning af því sem hann telur að hafi farið úrskeiðis. Því liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að tjónið verði rakið til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X eru með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir